

Fréttatilkynning.



Í skoðanakönnun sem Capacent Gallup gerði fyrir Græna netið, Náttúruverndarsamtök Íslands og Landvernd í byrjun apríl kemur fram sterk andstaða sjóðfélaga í lífeyrissjóðum við að lífeyrissjóðir þeirra leggi fjármagn í frekari virkjanaframkvæmdir vegna stóriðju.

Úrtakið var 1350 manns á öllu landinu, 18 ára og eldri valdir af handahófi úr Viðhorfahópi Capacent Gallup og var svarhlutfall 63,2%.

Spurt var: Ertu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) því að lífeyrissjóðurinn þinn leggi fjármagn í frekari virkjanaframkvæmdir vegna stóriðju?

Ertu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) því að lífeyrissjóðurinn þinn leggi fjármagn í frekari virkjanaframkvæmdir vegna stóriðju?

	Fjöldi	%	+/-
Alfarið hlynnt(ur) (7)	58	7,9	1,9
Mjög hlynnt(ur) (6)	50	6,7	1,8
Frekar hlynnt(ur) (5)	147	19,8	2,9
Hvorki né (4)	139	18,7	2,8
Frekar andvíg(ur) (3)	123	16,7	2,7
Mjög andvíg(ur) (2)	62	8,4	2,0
Alfarið andvíg(ur) (1)	161	21,8	3,0
Hlynnt(ur)	255	34,4	3,4
Hvorki né	139	18,7	2,8
Andvíg(ur)	347	46,9	3,6
Fjöldi svara	740	100,0	
Tóku afstöðu	740	86,7	
Ég greiði ekki í lífeyrissjóð	15	1,8	
Tóku ekki afstöðu	98	11,5	
Fjöldi svarenda	853	100,0	
Meðaltal (1-7)		3,6	
Vikmörk ±		0,1	



Sérstaka athygli vekur að þegar viðhorf þeirra sem eru hlynntir og andvígir eru skoðuð nánar kemur í ljós að aðeins 7,9% eru alfarið hlynnt því að lífeyrissjóður þeirra leggi fjármagn í virkjanir fyrir stóriðju en 21,8% sjóðsfélaga eru alfarið á móti því. Þegar tekin eru saman svör þeirra sem hafa sterka skoðun á málinu sést að aðeins 14,6% eru alfarið eða mjög hlynnt en 30,2% alfarið eða mjög andvíg.

Undanfarið hafa fjárfestingar og fjármögnun lífeyrissjóða í virkjunum fyrir stóriðju verið mikið í umræðunni. 14 lífeyrissjóðir hafa keypt 33,4% í HS Orku, rætt hefur verið um kaup lífeyrissjóða á hluta í Landsvirkjun og viðræður standa yfir við lífeyrissjóði um að kosta byggingu Hverahlíðarvirkjunar til að uppfylla samning OR við Norðurál vegna álvers í Helgavík.

Hvort sem ástæðurnar eru sterk andstaða við áframhaldandi hernað gegn náttúru landsins fyrir stóriðjuhagsmunum eða eðlilegur varhugur við áhættusamar fjárfestingar er niðurstaða könnunarinnar skýr skilaboð til stjórnna lífeyrissjóðanna um að hverfa frá öllum slíkum áformum. Þau skilaboð eru hollt nesti fyrir aðalfundi sem flestir lífeyrissjóðir boða til þessa dagana.